

Reykjavík, 17. maí 2016

R13110241

100

LSS

Borgarráð

Samþykkt menningar- og ferðamálaráðs - breytingar


Á fundi forsætisnefndar þann 13. maí 2016 var lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 10. maí 2016, ásamt tillögum að breytingum á samþykkt menningar- og ferðamálaráðs.

Forsætisnefnd samþykkti erindið og vísaði því til borgarráðs.

Linda Sif Sigurðardóttir
e.u.

Hjálagt:

Bréf MOF frá 10.5.'16 ásamt drögum að endurskoðaðri samþykkt



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Málsnr.: R13110241
Skjalasafn Ráðhúss

11. maí 2016

Bréfalykill: 100

Reykjavík, 10. maí 2016
RMF15080013
0.4

Helga B. Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Tillögur að breytingum á samþykkt menningar- og ferðamálaráðs

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þann 9.5. maí síðastliðinn voru lögð fram drög að endurskoðun á gildandi samþykkt menningar- og ferðamálaráðs frá 17.12.2013. Samþykkt var með fimm atkvæðum Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Framsóknar og flugvallarvina að vísa drögunum til forsætinefndar, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.

Endurskoðunin er tímabær af ýmsum sökum. Í fyrsta lagi kallar breytt starfsemi stofnana menningar- og ferðamálasviðs og breytt ytra umhverfi á endurskoðun samþykktarinnar. Helst má nefna tilkomu Borgarsögusafns með sameiningu Minjasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Viðeyjar og Sjóminjasafnsins Víkurinnar. Þá hefur Menningarmiðstöðin Gerðuberg sameinast Borgarbókasafni Reykjavíkur sem nú rekur menningarhús í hverfum borgarinnar. Að auki var tímabært að setja ferðamálastefnu við hlið menningarstefnu og Höfuðborgastofu ofar á verkefnalista ráðsins með öðrum stofnunum á sviðinu. Sett hafa verið ný lög og önnur fallið úr gildi sem hafa áhrif á starfsemi stofnanna sviðsins. Minjastofnun Íslands var stofnuð árið 2013 og tilfærslur hafa orðið á ábyrgð í málaflokki minjavörslu. Lög um verndarsvæði í byggð voru samþykkt 2015 og myndlistarlög 2012. Þessar lagabreytingar sjást betur ef samþykkt fyrir ráðið er skoðuð með sýnilegum breytingatillögum sem hafa verið vandlega yfirfarnar bæði af stofnunum sviðsins, skrifstofu þess og ráðinu. Allt hefur þetta áhrif á stjórnarhlutverk og verksvið ráðsins gagnvart stofnunum. Gott samráð var haft við umhverfis- og skipulagssvið þar sem verksvið ráðanna skarast og náðist samkomulag um sérstaka klausu um hlutverk menningar- og ferðamálaráðs hvað varðar menningarminjar og húsvernd og nauðsynlegt samstarf í lok 3. greinar. Aðrar breytingatillögur eru smávægilegri, en samt tímabærar.

Virðingarfyllst,
f.h. Menningar- og ferðamálasviðs


Signý Pálsdóttir
skrifstofustjóri menningarmála

Hjálagt:

Samþykkt fyrir menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar. Drög að endurskoðun á samþykkt frá
17.12.2013

**Samþykkt fyrir mMenningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar
Drög að endurskoðun maí 2016.**

Umboð

1. gr.

Menningar- og ferðamálaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum, og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Verksvið

2. gr.

Menningar- og ferðamálaráð skal móta stefnu í menningar-, ferða- og markaðsmálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

3. gr.

Menningar- og ferðamálaráð fer með hlutverk stjórnar Borgarbókasafns Reykjavíkur skv. bókasafnalögum nr. 150/2012, ~~og stjórnar Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur, Minjasafns Reykjavíkur og Ljósmyndasafns Reykjavíkur skv. safnalögum nr. 141/2011, myndlistarlögum 64/2012, lögum um menningarminjar 80/2012 og lögum um verndarsvæði í byggð 87/2015 og stjórnar Höfuðborgarstofu.~~ Fer með málefni menningararfs, menningarminja og minjavörslu og hefur frumkvæði að og tekur þátt í að móta stefnu um húsvernd og fornleifavernd.

~~stefnu um húsvernd. Veitir umsagnir um deiliskipulagstillögur er snerta svæði þar sem standa hús og mannvirki er falla undir ákvæði 18., 29., 30. og 31. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 12/2010 og breytingar á skipulagi þar sem sömu ákvæði gilda. Sjá einnig ákvæði laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og safnalaga nr. 141/2011.~~

Menningar- og ferðamálaráð veitir einnig umsagnir um hverfisskipulags- og deiliskipulagstillögur á svæðum sem lúta borgarvernd samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur og eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Sniðið: Inndráttur: Fyrsta lína: 0 cm

Menningar- og ferðamálaráð fer m.a. með eftirtalin verkefni:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.
2. Hefur eftirlit með rekstri og gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun eftirtalinnæðra stofnanna: Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu, ~~Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Minjasafns Reykjavíkur.~~
3. Hefur eftirlit með framkvæmd starfssamninga Reykjavíkurborgar við lykilaðila í menningar- og listalífi borgarinnar s.s. Leikfélag Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð í Reykjavík, og gerir tillögur til borgarráðs þar um.

Sniðið: Vinstri, Inndráttur: Vinstri: 0,32 cm, Fyrsta lína: 0 cm

Breytingartillaga á samþykkt fyrir mofr síðan Samþykkt í borgarstjórn 5.5.2005 með breytingum 20.12.2005, 16.12.2008 og 17.12.2013. 1

4. Vinnur að eflingu menningarstarfsemi í Reykjavík í samræmi við menningarstefnu borgarinnar með því m.a. að virkja menningarstofnanir borgarinnar, örva listræna sköpun og gefa almenningi tækifæri til að njóta listar og menningar.
5. Veitir styrki til menningarstarfs í borginni og umsagnir um menningartengd erindi að beiðni borgarráðs, skipar dómnefnd um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og útnefnir borgarlistamann Reykjavíkur.
6. Fylgist með söfnun örnefna, útgáfu örnefnaskrár og merkingu fornleifa og náttúruminja, sem BorgarsöguMinjasafn Reykjavíkur annast.
7. Gerir tillögu til borgarráðs um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri að fenginni umsögn Listasafns Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagsráðs.
8. Fer með málefni Höfuðborgarstofu í samræmi við ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og gerir tillögu til borgarráðs um endurskoðun hennar.
8. 9. Vinnur að því að efla og samræma kynningar- og markaðsmál Reykjavíkur til að styrkja stöðu höfuðborgarinnar í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Ráðið hefur samvinnu við aðra lykilaðila sem sinna ferðaþjónustu og markaðsmálum sem falla innan ramma sviðsins.
9. 10. Skipar í verkefnisstjórnir borgarhátíða sem haldnar eru á vegum Höfuðborgarstofu s.s. Vetrarhátíðar í Reykjavík, Barnamenningarhátíðar og Menningarnætur í miðborginni að fenginni tillögu sviðsstjóra.

Sniðið: Inndráttur: Vinstri: 0,32 cm,
Fyrsta lína: 0 cm

Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Menningar- og ferðamálaráð skal í störfum sínum fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Stefnumkorti borgarinnar
2. Starfsmannastefnu
3. Upplýsingastefnu
4. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
5. Mannréttinda- og jafnréttisstefnu
6. Innkaupastefnu og innkaupareglum
7. Stefnu um fjölmenningslegt samfélag
7. 8. Umhverfisstefnu
8. 9. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
9. 10. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga
10. 1. Stefnu í erlendum samskiptum
11. 2. Siðareglum
12. 3. Leikreglum með fjárhagsáætlun
14. Skjalastefnu
15. Atvinnustefnu

Sniðið: Inndráttur: Vinstri: 0 cm,
Fyrsta lína: 0 cm

Jafnframt fylgir menningar- og ferðamálaráð eftirfarandi samþykktum:

1. Menningarstefnu Reykjavíkurborgar
2. Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar

Breytingartillaga á samþykkt fyrir síðan Samþykkt í borgarstjórn 5.5.2005 með breytingum
20.12.2005, 16.12.2008 og 17.12.2013. 2

3. Reglum um bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar
4. Reglum um styrkveitingar
5. Reglum um útnefningu borgarlistamanns

Skipan

5. gr.

Menningar- og ferðamálaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 61 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi menningar- og ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Bandalagi íslenskra listamanna er heimilt að tilnefna tvo áheyrnarfulltrúa listamanna ásamt varamönnum til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar skulu boðaðir á fundi ráðsins ef mikilvæg atriði varðandi ferðamál eru á dagskrá.

~~Bandalagi íslenskra listamanna er heimilt að tilnefna tvo áheyrnarfulltrúa listamanna ásamt varamönnum til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Skulu þeir eiga lögheimili í Reykjavík. Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar skulu boðaðir á fundi ráðsins ef mikilvæg atriði varðandi ferðamál eru á dagskrá.~~

Menningar- og ferðamálaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður menningar- og ferðamálaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Menningar- og ferðamálaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Breytingartillaga á samþykkt fyrir mofr síðan Samþykkt í borgarstjórn 5.5.2005 með breytingum 20.12.2005, 16.12.2008 og 17. 12. 2013. 3

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715638/201301, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá til sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Menningar- og ferðamálaráð skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Menningar- og ferðamálasvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Menningar- og ferðamálaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundis samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Menningar- og ferðamálaráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Menningar- og ferðamálaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangs röðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í

Breytingartillaga á samþykkt fyrir mofr síðan Samþykkt í borgarstjórn 5.5.2005 með breytingum 20.12.2005, 16.12.2008 og 17.12.2013. 4

samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn.

Sviðsstjóri skal hafa samráð við menningar- og ferðamálaráð um ráðningu borgarbókavaráðar, borgarminjavaráðar safnstjóra Borgarsögusafns Reykjavíkur og safnstjóra Listasafns Reykjavíkur skv. verklagsreglum, sem samþykktar eru af ráðinu.

Sviðsstjóri ræður í aðrar stjórnunarstöður á Menningar- og ferðamálasviði. Framkvæmdastjóri Stjórnandi stofnunar ræður starfsmenn stofnunarinnar.

Málsmeðferð

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu menningar- og ferðamálaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka mál upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi samþykktir fyrir menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar frá ~~16. des. 2008~~ 17. desember 2013

Samþykkt í borgarstjórn 5. apríl 2005, með breytingum samþykktum í borgarstjórn 20. desember 2005, 16. desember 2008, og 17. desember 2013 og.....

Samþykkt fyrir menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar Drög að endurskoðun maí 2016.

Umboð

1. gr.

Menningar- og ferðamálaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum, og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Verksvið

2. gr.

Menningar- og ferðamálaráð skal móta stefnu í menningar-, ferða- og markaðsmálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

3. gr.

Menningar- og ferðamálaráð fer með hlutverk stjórnar Borgarbókasafns Reykjavíkur skv. bókasafnalögum nr. 150/2012, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur skv. safnalögum nr. 141/2011, myndlistarlögum 64/2012, lögum um menningarminjar 80/2012 og lögum um verndarsvæði í byggð 87/2015 og stjórnar Höfuðborgarstofu. Fer með málefni menningararfs, menningarminja og minjavörslu og hefur frumkvæði að og tekur þátt í að móta stefnu um húsvernd og fornleifavernd.

Menningar- og ferðamálaráð veitir einnig umsagnir um hverfisSKIPulags- og deiliskipulagstillögur á svæðum sem lúta borgarvernd samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur og eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Menningar- og ferðamálaráð fer m.a. með eftirtalin verkefni:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.
2. Hefur eftirlit með rekstri og gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun eftirtalinnna stofnanna: Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu.
3. Hefur eftirlit með framkvæmd starfssamninga Reykjavíkurborgar við lykilaðila í menningar- og listalífi borgarinnar s.s. Leikfélag Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð í Reykjavík, og gerir tillögur til borgarráðs þar um.
4. Vinnur að eflingu menningarstarfsemi í Reykjavík í samræmi við menningarstefnu borgarinnar með því m.a. að virkja menningarstofnanir borgarinnar, örva listræna sköpun og gefa almenningi tækifæri til að njóta listar og menningar.
5. Veitir styrki til menningarstarfs í borginni og umsagnir um menningartengd erindi að beiðni borgarráðs, skipar dómnefnd um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og útnefnir borgarlistamann Reykjavíkur.
6. Fylgist með söfnun örnefna, útgáfu örnefnaskrár og merkingu fornleifa og náttúruminja, sem

Borgarsögusafn Reykjavíkur annast.

7. Gerir tillögu til borgarráðs um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri að fenginni umsögn Listasafns Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagsráðs.

8. Vinnur að því að efla og samræma kynningar- og markaðsmál Reykjavíkur til að styrkja stöðu höfuðborgarinnar í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Ráðið hefur samvinnu við aðra lykilaðila sem sinna ferðaþjónustu og markaðsmálum sem falla innan ramma sviðsins.

9. Skipar í verkefnisstjórnir borgarhátíða sem haldnar eru á vegum Höfuðborgarstofu s.s. Vetrarhátíðar í Reykjavík, Barnamenningarhátíðar og Menningarnætur í miðborginni að fenginni tillögu sviðsstjóra.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Menningar- og ferðamálaráð skal í störfum sínum fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Stefnukorti borgarinnar
2. Starfsmannastefnu
3. Upplýsingastefnu
4. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
5. Mannréttindastefnu
6. Innkaupastefnu og innkaupareglum
7. Umhverfisstefnu
8. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
9. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga
10. Stefnu í erlendum samskiptum
11. Siðareglum
12. Leikreglum með fjárhagsáætlun
14. Skjalastefnu
15. Atvinnustefnu

Jafnframt fylgir menningar- og ferðamálaráð eftirfarandi samþykktum:

1. Menningarstefnu Reykjavíkurborgar
2. Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar
3. Reglum um bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar
4. Reglum um styrkveitingar
5. Reglum um útnefningu borgarlistamanns

Skipan

5. gr.

Menningar- og ferðamálaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 61 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi menningar- og ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu. Bandalagi íslenskra listamanna er heimilt að tilnefna tvo áheyrnarfulltrúa listamanna ásamt varamönnum til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar skulu boðaðir á fundi ráðsins ef mikilvæg atriði varðandi ferðamál eru á dagskrá.

Menningar- og ferðamálaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður menningar- og ferðamálaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Menningar- og ferðamálaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá til sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Menningar- og ferðamálaráð skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Menningar- og ferðamálasvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Menningar- og ferðamálaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundis samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Menningar- og ferðamálaráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Menningar- og ferðamálaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsörðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn.

Sviðsstjóri skal hafa samráð við menningar- og ferðamálaráð um ráðningu borgarbókavardar, safnstjóra Borgarsögusafns Reykjavíkur og safnstjóra Listasafns Reykjavíkur skv. verklagsreglum, sem samþykktar eru af ráðinu.

Sviðsstjóri ræður í aðrar stjórnunarstöður á Menningar- og ferðamálasviði. Stjórnandi stofnunar ræður starfsmenn stofnunarinnar.

Málsmeðferð

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu menningar- og ferðamálaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka mál upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi samþykktir fyrir menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar frá 17. desember 2013

Samþykkt í borgarstjórn 5. apríl 2005, með breytingum samþykktum í borgarstjórn 20. desember 2005, 16. desember 2008, 17. desember 2013 og.....